

MAGNÚS ÞÓR SNÆBJÖRNSSON

## Roberto Schwarz og heimsbókmenntir jaðranna

Ritgerð brasilíska bókmenntafræðingsins Robertos Schwarz (1938) „As idéias fora do lugar“, sem hér birtist í fyrsta skipti á íslensku undir titlinum „Hugmyndir úr stað“, er fyrsti kaflinn í bók hans *Ao vencedor as batatas: Forma literária e processo social nos inícios do romance brasileiro* (Til sigurvegarans, kartöflurnar. Bókmenntaform og félagsleg ferli í fyrstu brasilíska skáldsögum) frá árinu 1977. Titill bókarinnar vísar til skáldsögunnar Quincas Borba frá árinu 1891 eftir Joaquim Maria Machado de Assis (1839–1908), sem í Brasilíu er oftast kallaður Machado de Assis eða einfaldlega Machado. Machado var afkomandi þræla en líka stofnandi brasilíska akademíunnar og fyrsti forseti hennar. Hann var mjög sérstæður raunsæishöfundur og vinsell á sínum tíma meðal fámennrar menntaðrar yfirstéttar Brasilíu en öðlaðist ekki sess í hefðarveldi heimsbókmenntanna fyrr en löngu eftir að hann féll frá. Machado hefur svipaða stöðu í Brasilíu og Halldór Laxness á Íslandi. Þar hafa frasar á borð við „til sigurvegarans, kartöflurnar“ öðlast sjálfstætt líf í menningu landsins á sama hátt og margt úr skáldskap Halldórs hefur gert á Íslandi. Bókin er að stórum hluta helguð fyrri verkum Machados en annar hluti stúdíu Schwarz um höfundinn, sem helguð er seinni verkum hans, kom út árið 1990 undir heitinu *Um mestre na periferia do capitalismo: Machado de Assis* (Meistari á jaðri kapítalismans: Machado de Assis). Frasinn „til sigurvegarans, kartöflurnar“ vísar til mjög svo brasilískrar afbökunar einnar af persónum Machados á kenningum Darwins, þar sem sigurvegarar þessa heims fá allar kartöflurnar en þeir sem verða undir, engar. Þetta er eitt dæmi af mörgum í verkum Machados um „hugmyndir úr stað“ og vísar hér til þess hvernig evrópsk upplýsingarstefna og vísindahyggja breytti um merkingu og virkni og tók á sig sérkennileg form í Brasilíu 19. aldar.



Ritúð  
2. tbl. 24. árg. 2024 (275-298)  
Þýðing

© 2024 Ritúð, úmarit Hugvísindastofnunar  
og höfundar greinarinnar

Útgefandi:  
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,  
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritud.hi.is>.  
Tengiliður: [ritud@hi.is](mailto:ritud@hi.is)

DOI: 10.33112/ritud.24.2.10  
Birt samkvæmt skilmálum  
Creative Commons BY (4.0).

Í „Hugmyndum úr stað“ fylgir Schwarz bókmenntasögulegri tímabilaskiptingu Georgs Lukács án þess þó að yfirfæra það kerfi óbreytt á brasilískar aðstæður, því þar væri það jú auðvitað úr stað. Eftir tímamótaverkið *Geschichte und Klassenbewusstsein* (Saga og stéttarvitund, 1924) sem lagði grunn að þeirri hefð sem kennd hefur verið við vestrænan marxisma, sneri Lukács sér að bókmenntum og setti fram kenningu sína um hnignun raunsæisins sem fræg er orðin.<sup>1</sup> Samkvæmt henni er blómaskeið raunsæisskaldsögunnar á seinni hluta 18. og fyrri hluta 19. aldar. Hér markar byltingarárið 1848 tímamót, eins og Schwarz nefnir í „Hugmyndum úr stað“. Þá lýkur blómaskeiði borgarastéttarinnar þegar hún hættir að vera það framsækna sögulega afl sem batt enda á forréttingu aðalsins í Evrópu. Eftir 1848 gerist borgarastétt Evrópu, þegar á heildina er litið, verndari óbreytts ástands gegn baráttu verkalýðsstéttarinnar sem er að verða til sem nýtt stjórn-málaafl. Samkvæmt Lukács fylgir raunsæisskaldsagan þeirri stétt sem hún er frá upphafi tengd. Fyrir honum táknar Balzac hápunkt formsins en Zola hnignun þess. Sá fyrrnefndi skrifar á skeiði sem einkenndist af innreið kapitalisma í franskt samfélag en Zola á tímabili sem markaðist af fullnaðarsigr hans. Þrátt fyrir íhaldssamar persónulegar skoðanir sínar sá Balzac sem höfundur inn í þrjá heima: gamla einveldissamfélagið, hið nýja ástand vaxandi kapitalisma, sem og hið þriðja, hið mögulega, það er einhverslags framtíð ólíka því sem í daglegu tali er kallað „raunveruleiki“. Zola aftur á móti – þrátt fyrir framsækna pólik – sá ekki fram úr alltumlykjandi rökvísi kapítals, og tók feil á því sem blasti við, hversdagslegum veruleika kapitalismans og sjálfum raunveruleikanum, sögulega háðum og síbreytilegum.<sup>2</sup>

Það hafa margir bent á hversu Evrópuhverf skrif Lukács um bókmenntir eru og þegar kemur að Rómönsku Ameríku virðist hann fátt hafa lesið. Það er því ekki hægt að yfirfæra kenningar hans á bókmenntir Nýja heimsins án aðlögunar. Sú sögulega þróun sem er svo mikilvæg í bókmenntalegri tímabilaskiptingu Lukács var allt önnur þar. Innreið nútímans, iðnvæðingar og kapitalisma hafði ekki í för með sér að löndin þar gengju í gegnum sömu skeið og lönd Evrópu. Þjóðfrelsisbarátta nýlendna Spánverja í Ameríku var fyrst og fremst háð af hvítum kreólum af efri stétt. Allur almúgi, frumbyggjar sem og afkomendur þræla sem fluttir höfðu verið nauðugir frá Afríku, tóku ekki þátt í þeirri baráttu á sama hátt

<sup>1</sup> Fyrsti kafli *Geschichte und Klassenbewusstsein* eftir Lukács hefur komið út í íslenski þýðingu Ottós Mássonar: Georg Lukács, „Hvað er rétttrúnaðar-Marxismi?“, *Hvað er heim-speki?: Tíu greinar frá tuttugustu öld*, ritstjórar Róbert Jack, Ármann Halldórsson og Björn Þorsteinsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2001.

<sup>2</sup> Sjá Georg Lukács, „Erzählen oder Beschreiben?“, *Werke. Probleme des Realismus*, 1. bindi: *Essays über Realismus*, Neuwied: Luchterhand, 1971, bls. 197–242.

og almúgi Evrópu hafði til að mynda tekið þátt í Napóleonsstríðunum. Lukács rekur upphaf sögulegu skáldsögunnar hjá Walter Scott til þess að almenningur var beinn þátttakandi í þeim stríðum sem þá voru háð um alla álfuna. Kotbændur ferðuðust um allar trissur og kynntust öðrum löndum og hugmyndum og í fyrsta skipti sáu þeir sig sem gerendur í sögunni. Það var nauðsynleg undirstaða þess að ný söguskynjun varð til í Evrópu samkvæmt Lukács. Ekkert slíkt átti sér stað í Rómönsku Ameríku. Þess í stað voru hugmyndir upplýsingarinnar teknar inn í stjórnarskrár hinna nýju lýðveldi álfunnar án þess að raunverulegar félagslegar breytingar fylgdu með. Schwarz lýsir því hvernig hinar nýju hugmyndir um frelsi, jafnrétti og bræðralag voru fluttar inn sem hver önnur útskuvara án þess að vera í neinu sambengi við samfélagið, sem byggðist á þrælalaldi sem ekki var afnumið með lögum fyrr en 1888. Ýmiss konar ánaud kotbænda hélt áfram langt fram á 20. öld í Rómönsku Ameríku. Til að mynda var *hacienda*-kerfið á Andessvæðinu, með sinni bændaánaud, víða ekki lagt af, lagalega, fyrr en um miðja öldina. Þetta þýðir þó ekki að Nýi heimurinn hafi verið fastur í forneskju. Þvert á móti, því eins og Schwarz lýsir er plantekruþrælalald eins og það var stundað í Brasilíu í beinu sambandi við alþjóðlega verslun og nátengt iðnaðaruppbyggingunni sem var að eiga sér stað í Evrópu. Sykurinn sem framleiddur var í Brasilíu fæddi fólkíð sem streymdi úr sveitum Evrópu til borganna. Þrælafélagið sem er viðfangsefni Schwarz er því á engan hátt forkapítalískt eða forneskjulegra en iðnaðarsamfélög Vestur-Evrópu. Kapítalismmi hefur þá þegar umbylt bæði Ameríku og Evrópu en á ólíkan og ójafnan eða misgengan hátt.

Misgeng þróun, sem á portúgölsku heitir „desenvolvimento desigual“ og „uneven development“ á ensku, er hugtak sem upprunalega er komið frá Lev Trotskij og ætti í raun alltaf að kallast misgeng og samsett eða margþætt þróun (p. *desenvolvimento desigual e combinado*, e. *uneven and combined development*).<sup>3</sup> Misgeng og margþætt þróun hjá Trotskij tengist kenningum Leníns um heimsvaldastefnuna sem síðasta skeið kapítalismans<sup>4</sup> og hvernig – í kjölfar byltingarinnar í Rússlandi og stuðnings verkalýðsins í Vestur-Evrópu við heimsstyrjöldina fyrri – Þriðja alþjóðasamband kommúnista (Komintern) hóf að einbeita sér að nýlendum Evrópu og þeim svæðum sem síðar voru kölluð Þriðji heimurinn. Sú staðreynd að fyrsta sigursæla bylting kommúnista hafði átt sér stað í einu vanþróaðasta, eða réttara sagt misþróaðasta, ríki Evrópu varð til þess að hreyfingin endurskoðaði áherslur sínar á sérstakt hlutverk verkalýðsstettar iðnríkjanna í baráttunni. Í

<sup>3</sup> Sjá Michael Löwy, *The Politics of Combined and Uneven Development. The Theory of Permanent Revolution*, London: NLB, 1981.

<sup>4</sup> Vladímír Íljítsj Lenín, *Heimsvaldastefnan. Hæsta stig auðvaldsins: Alþjóðleg skýring*, þýðandi Eyjólfur R. Árnason, Reykjavík: Heimskringla, [1917] 1961.

samhengi Rómönsku Ameríku hefur mexíkanska byltingin hér mikið vægi sem og sú kúbanska löngu seinna. Kenningar um misgenga þróun urðu því mjög mikilvægar í álfunni og þar rísa hæst skrif perúska marxistans José Carlos Mariátegui (1894-1930), um sérstaka stöðu Perú innan heimskapítalismans.<sup>5</sup> Með frelsisbaráttu nýlendna Evrópu í Afríku og Asíu ganga þessar kenningar í endurnýjun lífdaga og á sjöunda og áttunda áratugnum eru þær meðal annars settar í samhengi við hagfræðikenningar kenndar við ósjálfstæði, sem á portúgölsku kallast „dependencia“ og vísa til þess að fyrrum nýlendur séu háðar Vesturlöndum bæði efnahags- og menningarlega. Í Rómönsku Ameríku urðu þessir straumar sérstaklega stríðir og runnu í átt til marxisma.<sup>6</sup> Meðal mikilvægra fræðimanna á þessu sviði er meðal annars félagsfræðingurinn Fernando Henrique Cardoso (f. 1931), sem síðar varð forseti Brasilíu, en þeir Schwarz voru þátttakendur í marxískum leshóp þegar þeir voru saman við nám í São Paulo-háskóla, ásamt fleiri nemendum sem áttu eftir að verða áberandi þátttakendur í nýja vinstriinu og andófi gegn herforingjastjórninni sem tók völdin í landinu árið 1964 með stuðningi Bandaríkjanna og hélt þeim í 21 ár. Þessir hugmyndastraumar renna síðan saman við það sem kallað var þriðjaheimshyggja (e. *third-worldism*), það er umræða um stöðu nýlendna Evrópu í heimskerfi kapítalismans og pólitíska baráttu kennda við afnýlenduvæðingu.

Þó að Schwarz teljist svo sannarlega til „nýja vinstri“ sjöunda og áttunda áratugarins, sem vildi aðgreina sig frá Sovétríkjunum og „gamla vinstriinu“, þá segir hann í kenningum sínum um menningu ekki skilið við þann efnahagslega grundvöll sem póst-strúktúralískur marxismi, sem varð mjög vinsæll í álfunni, hafði hafnað. Einna þekktastur slíkra marxista utan álfunnar er án efa argentínski stjórnmálafræðingurinn Ernesto Laclau sem þróaði svokallaðan póst-marxisma ásamt Chantal Mouffe undir áhrifum frá frönskum póst-strúktúralisma og mjög svo valkvæðum lestri á verkum Antonios Gramsci.<sup>7</sup> Fyrirmyndir sækir Schwarz miklu fremur til, auk Georgs Lukács, þýsks marxisma Frankfurtarskólans. Enda er hann afkomandi þýskumælandi gyðinga, fæddur í Vínarborg árið 1938, en flúði með foreldum sínum innlimun nasista á Austurríki til Brasilíu ári seinna. Kenningar hans um tengsl menningar og efnahagslífs eru ólíkar þeim sem til að

<sup>5</sup> Sjá meðal annars José Carlos Mariátegui, *7 Ensayos de interpretación de la realidad peruana*, Caracas: Ayacucho, [1928] 2007.

<sup>6</sup> Sjá Claudio Kats, *La teoría de la dependencia. Cincuenta años después*, Buenos Aires: Batalla de ideas, 2018.

<sup>7</sup> Ernesto Laclau og Chantal Mouffe, *Hegemony and Socialist Strategy. Towards a Radical Democratic Politics*, London: Verso, 1985.

mynda Louis Althusser setti fram á sínum tíma.<sup>8</sup> Hugmyndafræðihugtök þeirra eru líka alls ólík. Fyrir Schwarz er hugmyndafræði ekki einungis það hvernig ein stétt, borgarastéttin, gerir sína eigin hagsmuni algilda, heldur einnig nokkurs konar fölsk eða rangsnúin meðvitund um sögulegan veruleika sinn sem stéttin vill á næstum meðvitaðan hátt forðast. Samkvæmt Schwarz er hugmyndafræði nauðsynleg blekking sem byggist á ásýnd hlutanna. Hún er því ekki bull, lygi eða uppspuni heldur ávallt grundvölluð á því sem í daglegu tali er kallað „raunveruleiki“. Hugmyndafræði er nauðsynleg vegna þess að hún gegnir því mikilvæga hlutverki að fela hinn raunverulega grunn sem samfélagið er byggt á og er í tilfelli borgaralegs samfélags arðrán vinnunnar.

Það er í þessu samhengi sem segja má að Schwarz sé nokkurs konar rétttrúnaðarmarxisti, svo notað sé hugtak Lukács úr *Geschichte und Klassenbewusstsein*. Menning hins borgaralega samfélags miðlar ávallt kjarna sínum, arðráni vinnunnar. Allar menningarafurðir eru því abstraksjónir í hegelskum skilningi, dregnar af kjarnanum sem samfélagið er reist á. En þetta er ekki eintóm blekking alla leið niður eins í sögunni um skjaldböknar sem heimurinn stendur á. Sá efnislegi grunnur sem neðsta skjaldbakan stendur á, og þar með hið kapítalíska heimskerfi, er aðránn vinnunnar. Samkvæmt þýska heimspekingnum Alfred Sohn-Rethel er vöruformið, og sá tvöfaldi eiginleiki þess að hafa bæði skipta- og notagildi, sem getur ekki orðið til án arðráns, raun-abstraksjón (þ. *Realabstraktion*), abstraksjón sem verður ekki einungis til og á sér stað í huga þeirra sem taka þátt í því að búa hana til, né heldur býr hún í táknerfum tungumáls og menningar, heldur er hún háð því hvernig samfélagið raunverulega endurframleiðir sig.<sup>9</sup> Þessi abstraksjón er því nokkurs konar fyrsta stigs abstraksjón ef við höldum áfram að styðjast við Hegel. Abstraksjónin á sér stað í því ferli sem grundvallar borgaralegt samfélag, það er framleiðslu á vörum til skipta sem búa yfir gildi. Hugmyndafræði borgaralegs samfélags sem byggist allt á framleiðslu til skipta er því miðlun á abstraksjón sem grundvallast á raunverulegum, efnislegum tengslum. Upplýsing og vísindi eru því ekki eins og hvað annað uppspunníð merkingarkerfi handahófskenndra tákna. Þótt vísindahyggja sé hugmyndafræði í marxískum skilningi og því fölsk, þá hvílir hún á raunverulegri ásýnd hlutanna sem svo byggist á efnisbundnum sannleikskjarna. Þegar kemur að fyrrum nýlendum eins og Brasilíu verður þetta samband enn flóknara. Þar

<sup>8</sup> Sjá Louis Althusser, „Hugmyndafræði og hugmyndafræðileg stjórntæki ríkisins (rannsóknarpunktur)“, þýðing Egill Arnarson, *Af marxisma*, ritstjórar Magnús Þór Snæbjörnsson og Viðar Þorsteinsson, Reykjavík: Nýhil, 2009, bls. 175–228.

<sup>9</sup> Alfred Sohn-Rethel, *Geistige und körperliche Arbeit. Zur Theorie gesellschaftlicher Synthesis*, Frankfurt am Main: Suhrkamp, 1970.

bætist við að hugmyndafræði borgaralegs samfélags, þótt hún sé ríkjandi, virðist ekki hafa þessa tengingu við ásýnd hlutanna. Hugmyndir um frelsi, jafnrétti, bræðralag, vísindalega aðferð og rökhugsun verða fátánlegar í samfélagi sem byggist á handahófskenndu greiðakerfi og þrælahaldi. Þetta gerir borgaralega hugmyndafræði eins og hún virkar í Brasilíu að því sem Schwarz kallar „annarrar gráðu hugmyndafræði“ (p. *ideologia de segundo grau*).

Og þá erum við komin aftur að sögulegum og pólitískum rótum þessarar hugsunar og tengingu hennar við þriðjaheimshyggju og þjóðfrelsisbaráttu nýlendnanna eftir seinna stríð. Sérstakt eðli borgaralegrar hugmyndafræði í nýlendum Vesturlanda, og á öðrum jöðrum hins kapítalíska heimskerfis (Schwarz minnst á sérstöðu rússnesks 19. aldar raunsæis í þessu samhengi), myndar ákveðið misræmi, gjá, sem ef til vill leiðir til þess að tók þessarar hugmyndafræði eru ekki eins sterk og í miðjum kerfisins, þar sem allt virðist standa styrkum fótum. Af þessu leiðir að ef til vill er vonina um lausn undan oki kapítals ekki að finna í háþrúðustu svæðum hins kapítalíska heimskerfis heldur á jöðrunum, þar sem sigursælar byltingar 20. aldarinnar áttu sér einmitt stað.

Fyrir Schwarz er gildi rithöfundarins Machados ekki fólgið í því hvernig samfélagsgerð Brasilíu birtist í verkum hans, hvernig þau miðla því, heldur hvernig hann kemst að kjarna samfélagsins í meðferð sinn á því hvernig hugmyndafræði er öll úr stað. Ekki einungis hvernig inntak heldur einnig bókmenntaform er misgengt og varpar þannig ljósi á sérstaka stöðu landsins í heimskerfi kapítalismans. Í þessu samhengi er vert að minnast á gagnrýni Schwarz á þær menningarafurðir sem flestir tengja eflaust við Brasilíu og hafa verið vinsælar um allan heim og kallaðar eru „Tropicalismo“, líkt og Schwarz minnst á í „Hugmyndum úr stað“. Brasilíski rithöfundurinn Oswald de Andrade skrifaði *Manifesto Pau-Brasil* (Brasilíuviðaryfirlýsinguna, 1924) og *Manifesto antropófago* (Mannætuyfirlýsinguna, 1928) sem urðu nokkurs konar stefnuskrár brasilíska framúrstefnunnar sem hefur gengið undir nafninu *modernismo*. Tímabil hennar í Brasilíu var stutt og á fjórða áratugnum, þegar pólitísk átök í landinu tóku að harðna og de Andrade meðal annarra hafði snúist til marxisma og færst frá þeirri menningarlegu þjóðernishyggju sem fylgdi *modernismo* í því hvernig hið brasilíska eða „braselískið“ var búið til, fór hann sjálfur að líta á þessi skrif sem hálfgerðan barnaskap. Samt sem áður urðu áhrif *modernismo* djúpstæð á menningu 20. aldar í Brasilíu. Þegar komið var fram á sjöunda áratuginn voru hugmyndir um hið brasilíska, sem rekja má aftur til de Andrade, orðnar ráðandi í landinu og menningarafurðir undir áhrifum þeirra vinsælar bæði innan Brasilíu sem og í Norður-Ameríku og Evrópu undir heitinu *tropicalismo*. Í grein sinni „Cultura e Política, 1964–1969“

(Menning og pólitík 1964–1969), setur Schwarz fram gagnrýni á *tropicalismo* og vinstrisinnaða popúlíska framúr stefnu sem hafði, þrátt fyrir valdatöku hersins árið 1964, haldið stöðu sinni sem hálf opinber menning Brasilíu og þar með glatað öllu tilkalli til þess að teljast róttæk, ef hún á annað borð hafði nokkurn tíma getað gert það tilkall. Í þessari gagnrýni Schwarz á möguleika poppmenningar, í anda Theodors W. Adorno, til þess að vera róttækt andófsafl, er hægt að sjá þráð sem fléttast inn í fræðilegar og pólitískar deilur um populísma í Rómönsku Ameríku á seinni hluta 20. aldar.<sup>10</sup> *Antropofagia*, mannátið í yfirlýsingu de Andrades, vísar til þess andófs sem felst í því hvernig sérstök menning Brasilíu verður til í neyslu, áti, á afurðum nýlenduherranna sem býr til nýjar og breyttar afurðir. Transkúltúrasjón (sp. *transculturación*) hefur þetta verið kallað í bókmenntaumræðu Rómönsku Ameríku<sup>11</sup> og gagnrýni Schwarz á þessa stefnu beinist meðal annars gegn þeirri áherslu sem hún leggur á neyslu eða viðtöku á kostnað framleiðslu menningarinnar. Þar er ekki aðeins átt við það hvernig listamenn búa til list sína heldur hvernig samfélagið í heild endurframleiðir sig og hvernig framleiðsla listaverka er hluti af því ferli. Hér skilja leiðir Adornos og Schwarz í því að hinn móderníski listamaður getur ekkert tilkall gert hjá honum til sjálfstæðis (p. *autonomia*) frá þessu ferli.

Af framansögðu leiðir að helsta framlag Brasilíu til heimsbókmenntanna er ekki það sem hefur hlotið mesta útbreiðslu í heiminum, ekki *modernismo* eða *tropicalismo* heldur Machado de Assis. Machado er meistari á jöðrum kapítalismans samkvæmt Schwarz og verk hans tilheyra heimsbókmenntum 19. aldar enda þótt þau hafi verið nær óþekkt utan heimalandsins fyrr en leið á 20. öldina. Innreið nútímans í brasilískan skáldskap á sér ekki stað í þeim verkum þar sem fyrst var reynt að herma eftir evrópskum stefnum eins og rómantík, raunsæi eða natúralisma, heldur í verkum Machados sem tókust á við sérstaka stöðu Brasilíu í nútímanum, því heimskerfi sem kapítalisminn er. Það er í þessu samhengi sem hugmyndir Schwarz hafa öðlast sérstakt vægi í nýlegri endurhugsun og gagnrýni á þá heimsbókmenntaumræðu sem hófst eftir fall Sovétríkjanna og nær hápunkti með verkum Pascale Casanova og Francos Moretti.<sup>12</sup> Hugmyndir Schwarz gegna til dæmis veigamiklu hlutverki í skrifum Warwick Research Collective (WREC) og tilraun meðlima þess til að samþætta heimsbókmenntahug-

<sup>10</sup> Roberto Schwartz, „Cultura e Política (1964-1969). Alguns Esquemas“, *O Pai de Família e Outros Estudos*, São Paulo: Paz e Terra, 1992, bls. 70–111.

<sup>11</sup> Sjá Ángel Rama, *Transculturación. Narrativa en América Latina*, México: Siglo xxi, 1982.

<sup>12</sup> Pascale Casanova, *La république mondiale des lettres*, Paris: Éditions du Seuil, 1999; Franco Moretti, *Graphs, Maps, Trees. Abstract Models for a Literary History*, London: Verso, 2005.

takið við umræður um misgenga og samofna þróun kapítals á jaðarsvæðum þess.<sup>13</sup> Í skrifum sínum hafa meðlimir WREC tekist á við borgaralega og Evrópuhverfa endurvakningu heimsbókmenntahugtaksins undir lok 20. aldar og við upphaf 21. aldar.

Í „Hugmyndum úr stað“ er jafnan eins og gert sé ráð fyrir því að lesandinn sé Brasilíumaður, samanber „nýlendustefnan gaf okkur“ og „við vorum fyrst og fremst“. Þetta er í takt við sérstakan brasilíska stíl Schwarz sem er á sama tíma mjög lærdur og evrópskur og flúraður en líka alþýðlegur og persónulegur. Enda einkennist brasilísk menning einnig af sömu alþýðlegu og afslöppuðu formfestunni ef svo má að orði komast. Þetta stílbragð þjónar auðvitað hugmyndafræðilegu hlutverki, því inn í það fléttast hugmyndin um að þrátt fyrir gífurlegt misrétti geti þeir háu og lágu talað saman á sama tungumáli og deilt sömu menningu. Mýtan um að hvað sem líði þrælahaldi, langvarandi misskiptingu og gífurlegu ofbeldi sé Brasílía ekki þjóðfélag, er furðu lífseig. Þessi jafnaðarhugmyndafræði ætti ekki að koma Íslendingum spáskt fyrir sjónir né það stílbragð sem Schwarz notar, og ég hef reynt að halda í, að ávarpa lesandann með notkun á persónufornafninu „við“ sem gefur einnig til kynna jöfnuð eða sameiginlega hagsmuni. Á fáeinum stöðum hefur því þó verið breytt í Brasílía eða Brasilíumenn til að textinn sé skýrari. Þá hef ég reynt að halda í flúraðan og næstum barokkenndan stíl Schwarz með sínum löngu og undirskipuðu málsgreinum. Að skera þær niður eins og venja er í íslensku myndi breyta merkingu textans of mikið. Ég vil þakka Agli Arnarsyni og Hauki Má Helgasyni fyrir yfirllestur og umræður um þýðinguna.

*Magnús Þór Snæbjörnsson*

<sup>13</sup> Warwick Research Collective, *Combined and Uneven Development. Towards a New Theory of World-Literature*, Liverpool: Liverpool University Press, 2015.



ROBERTO SCHWARZ

## Hugmyndir úr stað

### Bókmenntir og samfélag Brasilíu undir lok níjándu aldar

Öll vísindi eiga sér forsendur sem heildarkerfi þeirra byggja síðan á. Frjálst vinnuafli er ein af grunnforsendum pólitískrar þjóðhagfræði. Í Brasilíu ríkir hins vegar hin „andpólitíska og viðurstygglega“ ástundun þrælahaalds.

Þessi fullyrðing – endursögn á pólitískri grein frjálslynds samtíðarmanns Machados de Assis – staðsetur Brasilíu utan ramma vísindanna.<sup>1</sup> Við vorum handan þess veruleika sem þau náðu yfir; við vorum fyrst og fremst „andpólitískt og viðurstygglegt“ siðferðilegt hlutskipti. Allt þetta er mikil skömm þegar haft er í huga að vísindin voru upplýsingin, framfarir, húmanismi og svo framvegis. Þegar kemur að listum, setur Nabuco fram sambærilega hugsun þegar hann harmar að þrælahaald skuli birtast í verkum Alencars: „Ef þetta særir blygðunar-kennd útlendinga þá niðurlægir það fólk frá Brasilíu þeim mun fremur!“<sup>2</sup> Aðrir höfundar komust vitaskuld að þveröfugri niðurstöðu. Að því gefnu að pólitísk þjóðhagfræði og frjálslynd hugmyndafræði fjallaði ekki um okkar veruleika, þá var hún – já einmitt hún – það sem var viðurstygglegt, andpólitískt og útlent, og þar að auki heimskulegt.

Betra er að hafa góða svertungja frá ströndum Afríku, hamingju þeirra og okkar vegna, en andvana manngæsku Bretans. Á meðan hann gleymir að hugsa um eigið heimili og lætur hvítan bróður sinn, þræl án húsbónda til að finna til með sér, deyja úr hungri, grætur þessi heimski hræsnari yfir örlögum okkar hamingjusömu þræla og stendur því berskjaldaður frammi fyrir háði hins sanna mannvinnar.<sup>3</sup>

<sup>1</sup> A. R. de Torres Bandeira, „A liberdade do trabalho e a concorrência, seu efeito, são prejudiciais à classe operária?“, *O Futuro*, nr. 9, 15. 01. 1863. Machado de Assis lagði oft til efni í þetta blað.

<sup>2</sup> *A polémica Alencar–Nabuco* (Afrânio Coutinho tók saman og ritaði inngang), Rio de Janeiro: Tempo Brasileiro, 1965, bls. 106. [Roberto Schwarz vitnar hér í þekktu ritdeilu rithöfundanna José de Alencar (1829–1877) og Joaquims Nabuco (1849–1910) á síðum tímaritsins *O Globo* í september til nóvember 1875. Athugasemd þýðanda].

<sup>3</sup> Úr skýrslu fyrirtækisins M. Wright & Cia., um fjármálakreppuna árið 1850. Tilvitnun

Hver á sinn hátt varpa þessir höfundar ljósi á þá gjá sem var á milli brasilísks þrælasamfélags og evrópsku frjálslyndisstefnunnar. Þessar hugmyndir, sem hvorki Grikkir né Trójumenn finna stað í Brasilíu og eru uppspretta vansæmdar hjá sumum en fara í taugarnar á öðrum sem leggja áherslu á hræsni þeirra, eru samt sem áður útgangspunktur allrar umræðunnar. Í stuttu máli sagt er hér settur á svið hugmyndafræðilegur gamanleikur, *ólikur þeim evrópska*. Augljóslega var frjáls vinna, jafnrétti frammi fyrir lögunum og algildisstefna almennt séð, engu að síður hugmyndafræði í Evrópu, en þó var hún þar í nokkrum tengslum við hugmyndir fólks um veruleikann á meðan hún huldi kjarna samfélagsins – arðrán vinnunnar.<sup>4</sup> Fyrir okkur voru þessar sömu hugmyndir falskar á annan hátt, svo að segja á frumlegan hátt. Franska mannréttindayfirlýsingin, svo dæmi sé tekið, sem að hluta til var rituð inn í stjórnarskrá Brasilíu árið 1824, huldi ekki neitt vegna þess að hún var ekki í neinum tengslum við veruleikann og sýndi því með augljósum hætti fram á viðurstyggð þrælahalds.<sup>5</sup> Það sama var uppi á teningnum þegar kom að *greiðasamfélaginu* sem er hneyksli í ljósi yfirlýsinga um algildar meginreglur. Hvers virði voru, í þessum aðstæðum, hinar miklu abstraktsjónir borgaranna sem við studdum okkur svo oft við? Ekki lýstu þær veruleikanum – en lífvænleiki hugmynda veltur á fleiru en því. Á svipaðan hátt, bendir Sergio Buarque á:

Þar sem við sóttum allar okkar fyrirmyndir að því hvernig ætti að lífa lífinu, stofnanir okkar og sýn á heiminn, til fjarlægra landa, og þar sem við erum tilneydd að halda þessu öllu til haga í óhagstæðu og jafnvel fjandsamlegu umhverfi, erum við útlagar í okkar eigin landi.<sup>6</sup>

Þessi ósvinna hugsunar okkar, sem stafar ekki af neinni tilviljun, eins og við munum sjá, einkenndi í raun og setti úr jafnvægi, allt niður í smæstu einingar, allt hugmyndafræðilegt líf annars keisaradæmisins í Brasilíu.<sup>7</sup> Bókmenntir þessa

sótt í Joaquim Nabuco, *Um estadista do Império*, 1. bindi, São Paulo, 1936, bls. 188 (endurbirt í S. B. de Holanda, *Raízes do Brasil*, Rio de Janeiro: José Olympio, 1956, bls. 96).

<sup>4</sup> [Hér og í framhaldinu er átt við hugmyndafræði í marxískum skilningi (ídeólógíu) það er ríkjandi hugmyndir sem hylja raunverulega skipan hlutanna en standa þó ávallt styrkum fótum í ásýnd þeirra. Athugasemd þýðanda.]

<sup>5</sup> E. Viotti da Costa, „Introdução ao estudo da emancipação política“, *Brasil em perspectiva*, ritstjóri C.G. Mota, São Paulo: Difel, 1968.

<sup>6</sup> S.B. de Holanda, *Raízes do Brasil*, bls. 15.

<sup>7</sup> [Seinni keisari Brasilíu, Dom Pedro II tók við af föður sínum Dom Pedro I árið 1840 og ríkti til ársins 1889. Valdatíð hans var tími mikilla breytinga í Brasilíu og endaði með stofnun lýðveldis og afnámi þrælahalds. Dom Pedro II dó í útlegð í Frakklandi árið 1891. Athugasemd þýðanda.]

tíma, oft og tíðum yfirdrifnar og smásmugulegar, fáránlegar eða ruddalegar og mjög sjaldan í réttum tón, eru einungis einn af mörgum vitnisburðum um þetta ójafnvægi.

Þrátt fyrir að þetta misræmi skipi almennan sess í söguritun okkar hafa ástæður og afleiðingar þessa fyrirkomulags lítið verið rannsakaðar. Eins og við vitum var Brasília sjálfstætt landbúnaðarsamfélag, skipt niður í víðfeðmar landareignir (p. *latifundia*), en framleiðsla þess var annars vegar háð vinnu þræla og hins vegar erlendum mörkuðum. Meira eða minna beint úr þessum jarðvegi spretta þau sérkenni sem við höfum sett fram hér. Tilkoma borgaralegrar efnahagslegrar rökvisi – áherslan á gróða, með öllum sínum félagslegu afleiðingum – var til dæmis óumflýjanleg fyrir okkur vegna þess að hún var einráð í alþjóðavíðskiptum, sem efnahagur okkar var beintengdur. Áralöng ástundun víðskipta af þessu tagi kenndi talsvert mörgum þau sannindi. Þar að auki höfðum við orðið sjálfstæð þjóð í nafni franskra, enskra og bandarískra frjálslyndishugmynda sem voru þar af leiðandi hluti af þjóðarímynd okkar. Á hinn bóginn var óumflýjanlegt að þetta samansafn hugmynda stangaðist á við, og það sem er mikilvægara, þyrfti að lifa með, þrælalaldi og stuðningsmönnum þess.<sup>8</sup> Þegar kemur að sannfæringarkrafti hugmyndanna eru, eins og við höfum séð, ósamrýmanlegir þættir þeirra augljósir. En á hinu praktíska sviði varð þeirra einnig vart. Þar sem þræll er eign húsbónda síns má selja hann en ekki reka. Frjáls verkamaður veitti vinnuveitanda sínum meira frelsi að þessu leyti, auk þess sem ekki var nauðsynlegt að taka jafn mikið auðmagn úr umferð. Þessi hlið málsins – ein af mörgum – gefur til kynna þau takmörk sem þrælalald setti rökvaðingu framleiðslunnar. Í lýsingu á því sem ferðalangur nokkur hafði séð á plantekru einni, skrifar hann: „sérhæfing starfa hefur ekki átt sér stað vegna þessa að þeir keppast við að gera handtök vinnunnar hagkvæmari“. F.H. Cardoso vitnar í þessi orð og segir að „hagkvæmni“ í þessu samhengi merki ekki að gera handtökin sem fæst, heldur þvert á móti, að láta vinnuna taka sem mestan tíma. Einmitt að draga vinnuna á langinn, láta hana taka sem mest af tíma þrælsins og aga hann. Það er að segja algjör andstæða þess sem nútímalegt er að gera. Þar sem þrælalald var fyrst og fremst byggt á ofbeldi og heraga, snerist framleiðslan frekar um vald en skilvirkni.<sup>9</sup> Rökleg rannsókn á framleiðsluferlinu sem og nútímavæðing þess, sem fræg var orðin af öllum þeim byltingum sem hún hafði valdið í Evrópu, var merkingarleysa í Brasília. Til að flækja málið enn frekar er vert að hafa í huga að plantekra þrælalaldarans var frá upphafi kapítalískt framtak og markmið þess

<sup>8</sup> E. Viotti da Costa, „Introdução ao estudo da emancipação política“.

<sup>9</sup> F. H. Cardoso, *Capitalismo e escravidão*, São Paulo: Difel, 1962, bls. 189–191 og 198.

var fyrst og fremst gróði. En forgangsatríði hagnaðarins eiga bæði eldri og nýrri form kapítalísma sameiginleg. Af framangreindu leiddi að fram að þeirri stundu að þessir framleiðsluhættir gáfu minna af sér en launuð vinna voru hinir ósiðuðu og viðurstyggilegu þrælalaldarar í raun kapítalískari en fylgismenn Adams Smith, vegna þess að í huga þeirra síðarnefndu merkti kapítalísmi fyrst og fremst frelsi. Andans líf var því augljóslega allt í hnút. Röklega var hlutverkum snúið á hvolf: vísindi urðu að skáldskap og siðaboðskap, dulhyggja varð raunhyggja og ábyrgð, tækni varð óhagnýt, ósérhlífni varð að uppsprettu umframgildis og svo framvegis. Og almennt séð, á meðan skipulögð hagsmunabarátta þrælanna var ekki til staðar, tók togstreitan á milli mannúðar og ómannúðar, burtséð frá því hversu viðeigandi hún gæti sýnst, á sig mynd hversdagslegra árekstra tveggja fjárfestingarleiða – en þetta fannst einmitt einum aðila deilunnar vera sá skilningur sem hentaði best.<sup>10</sup>

Ávallt umsetin af þrælalaldi fór frjálslynd hugmyndafræði hinna nýfrjálsu þjóða Ameríku út af sporinu. Það væri auðvelt að rekja þær raunverulegu þversagnir sem af þessu leiddi og sem margar hverjar snertu fræðilega sem og siðfræðilega vitund 19. aldar. Við höfum þegar séð nokkur dæmi hér. Þessi vandamál hafa engu að síður verið furðulega léttvæg fundin. Tenging við veruleikann virtist ekki vera mjög mikilvæg. Það er eins og samræmi og algildi hafi ekki þótt mikils virði, eða eins og menningarsviðið væri staðsett á öðru plani, með önnur viðmið og reglur. En önnur í samanburði við hvað? Með tilveru sinni einni saman sýndi þrælalald fram á hversu óviðeigandi frjálslyndar hugmyndir voru; enda þótt það hafi ekki haft áhrif á þær eða stefnu þeirra. Framleiðsluafstæður voru grundvallaðar á þrælalaldi en það þrælalald var ekki grundvöllur félags- tengsla hugmyndafræðilegs lífs. Lykilinn að gátunni var að finna annars staðar. Til að lýsa þessu verður að horfa á landið í heild sinni. Til þess að draga upp mynd getum við sagt að nýlendustefnan, með einokun á landi, hafi myndað þrjár stéttir fólks: landeigandann, þrælinn og „hinn frjálsa mann“, sem í raun er ósjálfstæður (p. *dependente*). Milli þeirra tveggja fyrstnefndu eru tengslin augljós. Það er fjöldi hinna þriðju sem við beinum athygli okkar að hér. Þar sem þeir voru hvorki eigendur né verkamenn var aðgangur þeirra að samfélaginu og gæðum þess, beint eða óbeint, háður greiða höfðingjanna.<sup>11</sup> Staðalmynd þeirra

<sup>10</sup> Sjá doktorsritgerð Luiz Felipe de Alencastro, *O trato dos viventes: tráfico de escravos e 'Pax Lusitana' no Atlântico Sul, séculos XVI–XIX* (Universidade de Paris, Nanterre, 1985–1986). Þar kemur fram að okkar raunverulega þjóðfélagsspurning á 19. öld hafi snúist um að verja þrælaverslunina gegn þrýstingi Englendinga. Sú spurning hefði ekki getað höfðað minna til vitsmunalegs eldmóðs.

<sup>11</sup> Fyrir ítarlegri lýsingu á þessu atriði sjá, Maria Sylvia de Carvalho Franco, *Homens livres na ordem escravocrata*, São Paulo: Instituto de Estudos Brasileiros, 1969.

er *o agregado*.<sup>12</sup> Greiðinn er þar af leiðandi það tæki sem ein af stéttum þessa samfélags notar til eigin endurframleiðslu, til að draga fram lífið – með aðkomu annarrar stéttar, nefnilega þeirrar sem bjó yfir öllum auðnum. Hafa ber í huga að hugmyndafræðilegt líf þróast í samskiptum þessara tveggja stétta og er þar af leiðandi mótað af þessu sambandi.<sup>13</sup> Í þúsund afbrigðum og undir þúsund nöfnum fór greiðinn um allt samfélagið og mótaði tilveru landsins í heild sinni, að undanskildum grundvallarframleiðslutengslunum, sem voru tryggð með valdi. Greiðinn var til staðar á öllum sviðum samfélagsins, í samhengi við ólíkustu starfsemi, hvort sem hann augljóslega átti við eða ekki, svo sem í stjórnsýslu, stjórnámálum, iðnaði, viðskiptum, borgarlífi, dómstólum og svo framvegis. Þar með taldar frjálsar starfstéttir eins og læknisfræði eða störf sem gerðu tæknilegar kröfur eins og prentlist, sem í Evrópu voru ekki háðar neinum um nokkurn hlut, voru hjá okkur undir greiðakerfinu komnar. Rétt eins og sérfræðingurinn var háður greiða til að geta stundað vinnu sína, var smálandeigandinn háður greiða til að tryggja öryggi eignar sinnar sem og embættismaður öryggi stöðu sinnar. Greiðinn er næstum algilt samfélagslegt miðunarform okkar. Þar sem greiðinn er ekki jafn mikil andstygð og þrælahald, hitt tengslakerfið sem nýlendustefnan gaf okkur, er skiljanlegt að rithöfundar hafi byggt greiningu sína á Brasilíu á honum, og duldu þar með, óafvitandi, ofbeldið sem alltaf ríkti á sviði framleiðslunnar.

Þrælahald gerir frjálslyndar hugmyndir að lygum; en á lúmskan hátt innlimar greiðinn, sem er jafn ósamrýmanlegur frjálslyndi og það fyrrnefnda, þær og mótar og myndar þannig nýtt og einstakt samfélagskerfi. Handahófskenndu eðli þess, hinum síkvika leik sem á sér stað með virðingu og sjálfvirðingu sem greiðinn lætur efnahagslega hagsmuni taka þátt í, er ekki hægt að gera ítarleg rökleg skil. Í baráttu sinni gegn greiðum hafði algildisstefnan í Evrópu sett þá í samhengi við forréttindi lénskerfisins. Í sögulegu mótunarferli sínu hafði borgaraleg siðmenning teft fram sjálfræði einstaklingsins, algildi laganna, hlutleysi listarinnar, gildi og siðferði vinnunnar og svo framvegis – gegn forréttindakerfi gamla konungsveldisins (fr. *ancien régime*). Greiðinn felur hins vegar í sér, lið fyrir lið, persónulega undirokun, undantekningu frá reglunni, ófrjálsa list og handahófskennd laun fyrir vinnu og þjónustu. Engu að síður var Brasilía ekki fyrir

<sup>12</sup> [*Agregado*, dregið af sögninni *agregar*, draga saman, bæta við. Úr latínu *aggregare* að smala saman, viðbót. Í Brasilíu er orðið viðhaft um einstakling sem á engar eignir, sem ekki er þræll, en er algjörlega háður velgjörðamanni eða -mönnum um framfærslu. Athugasemd þýðanda.]

<sup>13</sup> Um hugmyndafræðilegar afleiðingar stórlandeigendastefnunnar (p. latifúndio), sjá 3. kafla í *Raízes do Brasil*, „A herança rural“.

Evrópu það sem lénsveldið var gagnvart kapítalismu. Þvert á móti vorum við allt frá upphafi tengd kapítalismu og höfðum auk þess aldrei búið við lénskerfi – enda er nýlendustefnan afurð verslunarkapítalismu. Í ljósi þess blómaskeiðs sem Evrópa var að upplifa, sem og þeirrar jaðarstöðu sem við vorum í, gat enginn ímyndað sér, hvað þá haft kraftinn til að vera, til dæmis, Kant greiðans, sem svo gæti beitt sér gegn andstæðingum hans.<sup>14</sup> Átökin á milli þessara andstæðu sjónarmiða voru ekki á milli jafningja: þegar kom að umræðunni, voru þau sjónarmið sem evrópsk borgarastétt hafði þróað gegn gerræði og þrælalaldi tekin upp skilyrðislaust. Í raunveruleikanum hins vegar, jafnvel meðal þeirra sem tóku þátt í umræðunni, var greiðinn ráðandi þar sem honum var viðhaldið í skjóli stórra landeigenda og staðfesti þar með, án afláts, tilfinningar og hugmyndir sem voru honum eiginlegar. Það sama á við á sviði stofnananna, til dæmis einkenndist öll stjórnsýsla og dómskerfi af greiðakerfinu á sama tíma og kenningum og reglum borgaralegs nútímasamfélags var haldið á lofti. Auk þeirra fyrirsjáanlegu umræðna sem þessar andstæður vöktu varð þess vegna til samvist þeirra sem áhuga-vert er að rannsaka. Í þessu liggur nýbreytnin: *um leið og evrópskar hugmyndir og skýringar höfðu verið innleiddar gátu þær, og voru oft, nýttar til þess að réttlæta, að nafninu til „hlutlægt“; handahófskennt eðli greiðans.* Þótt ágreiningurinn væri mjög raunverulegur gufaði hann upp og andstæður gengu hönd í hönd. Þessi endursamsetning er grundvallaratriði. Afleiðingar hennar eru margþættar og hafa lifað lengi í bókmenntum okkar. Frjálslyndisstefnan sem hugmyndafræði fór frá því að vera blekking sem byggðist á ásýnd hlutanna yfir í að vera, vegna skorts á betra hugtaki, meðvituð ákvörðun um tryggð við samansafn ákveðinna gilda sem tengdust henni ekki á nokkurn hátt. Með því að réttlæta handahófskennda ákvarðanatöku með „skynsamlegum“ rökum, setti viðtakandi greiðans sjálfan sig og velgjörðamann sinn á stall og velgjörðamaðurinn hafði enga ástæðu til þess að andmæla, því nú var auðvitað öld skynseminnar gengin í garð. Hvor þeirra trúði þá í raun og veru á réttlætninguna? Til hvaða ásýndar hlutanna var verið að vísa? En nákvæmlega þetta var ekki vandamál, þar sem allir viðurkenndu – og þetta er mjög mikilvægt – lofsverð áform bæði viðtakanda greiðans sem og velgjörðamannsins. Þetta táknræna þakklæti var ef til vill svolítið taktlaust en það var engu að síður einlægt. Öllu heldur var þessi réttlætning á skjön við frjálslyndisstefnuna, sem ekki skipti höfuðmáli, en var algjörlega í takt við greiðann, sem var mikilvægast. Og hvað var betur til þess fallið að varpa ljóma á persónurnar og samfélagið sem þær skópu en nýjustu hugmyndastraumar tímabilsins – sem í þessu tilviki voru

<sup>14</sup> Eins og Machado de Assis bendir á árið 1879: „utanaðkomandi straumar eru það sem stýra hreyfingunni, krafturinn til að mynda nýjar stefnur er ekki til staðar“. Sjá „A nova geração“, *Obra completa*, 3. bindi, Rio de Janeiro: Aguilar, 1959, bls. 826–827.

evrópskir? Í þessu samhengi lýsir hugmyndafræðin ekki raunveruleikanum, ekki einu sinni á falskan hátt, og hún lýtur ekki heldur sínum eigin lögmálum – þess vegna skulum við kalla hana *annarrar gráðu hugmyndafræði*. Lögmál hennar er annað og ólíkt því yfirlýsta; hún snýst fyrst og fremst um félagslegt stigveldi á kostnað vitrænna eða kerfisbundinna áforma. Þetta leiddi af því sem blasti við, af því sem öllum var ljóst – af óumflýjanlegri „yfirburðastöðu“ Evrópu – og tengist þeirri tjáningu á sjálfsvirði, sem og þeirri fantasíu, sem er hluti af greiðakerfinu. Það er í þessu sambandi sem við segjum að tenging við raunveruleikann, eða samhengi hlutanna, hafi ekki ráðið úrslitum umfram það að vera til staðar, sem möguleiki til þess að kalla fram, eða hundsá, eftir því sem hentaði hverju sinni. Af þessu leiddi að til varð kerfi þar sem sjálfstæði þýddi ósjálfstæði, duttlungar urðu að gagnsemi, undantekningar að algildi, verðleikar að frændhygli, forréttindi að jafnrétti og svo framvegis. Með því að tengja frjálshyndi við athafnir, sem það ætti með réttu að vera gagnrýni á, missir hugmyndastefnan alla fötfestu. Í bili skulum við leggja til hliðar margbreytileika þessa skrefs og láta frekari greiningu biða: þegar þær urðu fáránlegar hættu þessar hugmyndir líka að blekkja.

Það er augljóst að þessi samsetning var bara ein meðal margra. Fyrir okkar hugmyndafræðilega umhverfi var þetta samt sem áður afgerandi, auk þess sem þetta var það form sem vandamálin birtust í á heilsteypastan og fjölbreyttastan hátt. Við skulum láta nokkur atriði duga í bili. Við höfum séð hvernig borgaralegar hugmyndir taka á sig hlutverk skróða og hefðarreglna í greiðanum. En reisin þeirra má rekja aftur til opinbers eðlis og skynsemisanda upplýsingarinnar. Hugmyndirnar bera vitni um og fagna hluttekningu í mikilsverðu kerfi, í því samhengi sem var að verða til í Evrópu iðnvæðingarinnar. Óreiða hugmyndanna gæti ekki verið meiri. Nýmælið er ekki fólgið í því hvernig þekking og menning var skraut eins og raunin var undir nýlenduáhrifum Íberíuskagans, heldur í ótrúlegu ósamræmi sem myndaðist þegar „nú tímaleg“ þekking og menning var sett í þetta samhengi. Er þetta jafn gagnslaust og hvað annað glingur? Eða ljómar af því eins og af heiðursmerki? Er þetta okkar lífselexír? Okkar skömm gagnvart heiminum? Ljóst er að á meðan hagsmunirnir tókust á, og hugmyndirnar voru ræddar, höfðu allar þessa hliðar tækifæri til að birtast þannig að í huga þeirra allra eftirtekta sömustu hljóta þær að hafa runnið saman og blandast. Óhjákvæmilega bæði upphóf og niðurlægði hugmyndafræðilegt líf þátttakendurna, sem margir hverjir voru meðvitaðir um. Þess vegna var um að ræða óstöðugt samband sem auðveldlega gat umbreytt í bitra andúð og fjandskap. Viðhald þessa sambands krafðist stöðugar meðvirkni, meðvirkni sem ástundun greiðans tryggði. Á því augnabliki þegar greiði var veittur og þeginn – sérstaklega á því augnabliki gagnkvæmrar viðurkenningar sem gegndi lykilhutverki í ferlinu – var

Það hvorugum aðila í hag að fordæma hinn enda þótt báðir aðilar hefðu allan tímann full ráð á því að gera það. Þessi síendurtekna meðsekt hefur djúpar félags- og stéttartengingar: í brasilísku samhengi tryggði greiðinn báðum aðilum fullvissu um, sérstaklega þeim sem lægra var settur, að hvorugur þeirra væri þræll. Meira að segja hinir aumustu í hópi þeirra sem þáðu greiða sáu í honum viðurkenningu á stöðu sinni sem frjálsbornir menn. Þetta gerði úthlutun greiða, hversu lítill sem hann var, að nokkurs konar helgiathöfn sem staðfesti félagslega yfirburði þeirra sem tóku þátt í henni og hafði þannig tilgang í sjálfu sér. Með kjölfestu í þeirri takmarkalausni þjáningu og niðurlægingu sem hún kallaði fram – það er að segja þrælalagði sem báðir aðilar nutu góðs af og reyndu að greina sig frá – var þessi gagnkvæma viðurkenning óskoruð, og þar að auki margfölduð með því að taka upp orðaforða borgarastéttarinnar um jafnrétti, verðleika, vinnusemi og rökhugsun. Machado de Assis reyndist vera meistari þessara krákustíga. Við skulum hins vegar snúa okkur að annarri hlið málsins. Eins djúpt sokkin og við erum, allt til dagsins í dag, í fen auðmagnsins, sem aldrei tók á sig hið klassíska form í Brasilíu, höfum við tilhneigingu til að líta svo á að þetta fyrirkomulag hafi að öllu leyti staðið okkur fyrir þrifum. Það má vel vera að þetta fyrirkomulag hafi haft fáa kosti, en til að skilja margbreytileika þess til hlítar verður aftur á móti að hafa í huga að borgaralegar hugmyndir, sem í upphafi beindust gegn forrétindum, höfðu eftir 1848 verið notaðar til að réttlæta ríkjandi fyrirkomulag: alda félagslegs óróa í Evrópu sýndi fram á að hugmyndir um algildi huldu stéttaátök.<sup>15</sup> Til að fanga hugmyndafræðilegan tón þessa fyrirkomulags, verðum við þess vegna að hafa í huga að óviðeigandi orðræða okkar var innantóm jafnvel þegar hún var notuð á viðeigandi hátt. Athugið um leið að þetta mynstur mun endurtaka sig á 20. öld, þegar við höfum margsinnis svarið eidd að verstu hugmyndum heimsins með trúna á eigin nútímavæðingu að leiðarljósi. Þegar kemur að bókmenntum, eins og við munum sjá, verður afleiðingin einstakt völundarhús, nokkurs konar tómi innan í tómi. Þegar kemur að þessu atriði er Machado einnig meistari.

Í stuttu máli sagt, ef við leggjum áherslu á þá skekkju sem þrælalagði og greiðakerfið olli í hugmyndum samtíðarinnar, þá er það ekki til þess að afskrifa þær, heldur til að varpa betra ljósi á hvernig þær voru í senn á skjön við þær kröfugerðir sem þær sjálfar settu fram og – einmitt þess vegna – auðsjáanlega okkar eigin. Það sem situr eftir, ef við setjum til hliðar um stund skýringar á orsökum þessa, er því tilfinning fyrir ósamræmi, sem hefur verið upphafspunktur okkar:

<sup>15</sup> Georg Lukács, „Marx und das Problem des ideologischen Verfalls“, *Werke*, 4. bindi: *Probleme des Realismus*, Neuwied: Luchterhand, 1971, bls. 243–298.



tilfinning fyrir tvískinnungi og tilgerð – skarpar andstæður, skekkjur, markleysur, anakrónismar, mótsagnir, málamiðlanir og þar fram eftir götunum – samsetning sem *modernismo*, *tropicalismo* og pólitísk hagfræði kennir okkur að meta.<sup>16</sup> Ekki skortir dæmin. Við skulum skoða nokkur þeirra, ekki til að greina þau, heldur til að benda á gnægð þeirra og fjölbreytni. Í tímaritum aldarinnar, hvort sem það er í alvöru eða gamni, er kynning fyrsta tölublaðs samin fyrir bassa og falsettu: í inngangskaflanum er lögð áhersla á frelsandi hlutverk pressunnar, í baráttuanda upplýsingarinnar; hinn mikli trúarsöfnuður sem Gutenberg stofnaði berst gegn almennu afskiptaleysi, ofan af fjallatindum skyggnist kondórinng og æskan inn í framtíðina, um leið og þau hrinda fortíðinni og fordómum frá sér, á meðan endurlífandi kyndill tímaritsins rekur burt myrkur spillingarinnar. Í öðrum kafla í samræmi við aðstæður hverju sinni, lýsa tímaritin yfir skýrum ásetningi sínum um „að veita öllum stéttum fólks, og einkum heiðarlegum fjölskyldum, leið til að fræðast á uppbyggilegan hátt, sem og skemmtilega afþreyingu.“ Frelsisboðorðið er sett fram í samblandi við gátur, áköll um einingu þjóðarinnar, tískumyndir, almennan fróðleik og framhaldssögur.<sup>17</sup> Skopstælingu á þessari venju má finna í þeim vísustúfum sem þjóna sem einkunnarorð *Marmota na Corte* (Múrmel við hirðina). „*Sjá Múrmel/æi sínum fjölbreytileika,/allra yndi/háerwerðugur.// Mælir sannindi,/hug sinn segir,/elskar hann og virðir/alla menn.*“ Ef við á öðrum vettvangi, skröppum eilítið af eigin veggjum, finnum við áhrif sömu samsetningar:

Breytingarnar í byggingarlist lágu á yfirborðinu. Yfir moldarveggi reista af þrælum var límt evrópskt veggfóður og hengd upp málverk til að skapa nútímalega ásýnd, eins og um væri að ræða innréttingar í byggingum iðnvæddra landa. Sums staðar varð tilgerðin fáránleg: á veggjum voru máluð grísk-rómönsk byggingarmyndefni – pílastrar, arkitröwur, súlnagöng, frísur o.s.frv., í hárréttum hlutföllum og með

<sup>16</sup> Sérgio Buarque hefur veitt þessu athygli en kannar aðrar hliðar á því: „Við getum smíðað öndvegisverk, auðgað mannúð okkar með nýjum og ófyrirsjáanlegum atriðum, fullkomnað þá siðmenningu sem við stöndum fyrir, en samt sem áður virðist allur afrakstur af vinnu okkar, eða afleiðingar af leti, eiga þátt í þróun sem tilheyrir öðru andrúmslofti og öðru landslagi“. *Razes do Brasil*, bls. 15.

<sup>17</sup> Sjá „Prospecto“, *O Espelho* [vikurit um bókmenntir, tísku, iðnað og listir], Rio de Janeiro: Typographia de F. de Paula Brito, 1/1859, bls. 1; „Introdução“, *Revista Fluminense*, [vikurit um fréttir, bókmenntir, vísindi, afþreyingu o.s.frv.], nóvember 1868, bls. 1–2; *A Marmota na Corte*, Rio de Janeiro: Typographia de F. de Paula Brito, 07/09/1840, 1; *Revista Ilustrada*, nr. 1, Rio de Janeiro, gefið út af Angelo Agostini, 01/01/1876; „Apresentação“ í *O Bezouro*, nr. 1 [gamansamt háðsrit], 06/04/1878; „Cavaco“, í *Cabrião*, nr. 1, São Paulo: Typ. Imperial, 1866, bls. 2.

fullkomnum skyggingum til að framkalla nýklassískt andrúmsloft sem ómögulegt var að mynda með þeirri tækni og þeim efnivið sem stóð til boða á staðnum. Annars staðar voru gluggar málaðir á veggjum sem sýndu útsýni yfir Rio de Janeiro eða frá Evrópu, allt til að gefa til kynna fjarlægagan heim utandyra og alls ólíkan þeim sem í raun og veru var til staðar og samanstóð af vistarverum þrælanna og plantekrunum sem þeir þræluðu á.<sup>18</sup>

Þetta textabrot vísar til sveitasetranna í São Paulo–héraði á síðari hluta 19. aldar. Þegar kemur að Rio de Janeiro:

Umbreytingin tengdist breyttum siðum, sem nú fólu í sér notkun á fágæðri hlutum, kristölum, leirtaui og postulíni, sem og formlegum venjum ýmiss konar, þar á meðal borðsiðum. Um leið gaf þetta hópnum, sem reyndi að endurskapa lífið í evrópskum hóbýlum, ásýnd raunveruleika. Á þennan hátt gátu þeir samfélagshópar sem mest græddu á efnahagskerfi byggðu á þrælahaldi, sem snerist að öllu leyti um landbúnaðarframleiðslu, búið til, fyrir sig eina, falskt umhverfi með einkennum Evrópu og erlendra borga sem krafðist þess að þrælarnir sæjust ekki og allar eða næstum allar neysluvörur væru innfluttar.<sup>19</sup>

Þessi skrípaleikur er listilega settur á svið í fyrstu köflum *Quincas Borba*. Rubião, sem hefur nýlega hlotnast arfur, neyðist til að skipta á svörtum þræl sínum og frönskum kokki og spænskum þjón, en í návist hvorugs þeirra líður honum vel. Auk gulls og silfurs, málmannanna sem standa hjarta hans næst, kann hann nú að meta stytur úr bronsi – af Faust og Mefistöfelesi – sem einnig eru verðmætar. Alvarlegra mál, en að sama skapi markað af tíðarandanum, er ljóðið við lýðveldissönginn, ort árið 1890 af dekadent-skáldinu Medeiros e Albuquerque. Tilfinningaþrunginn framfaraóðinn skortir allan sannfæringarkraft: „Vér trúum vart að áður fyrr/hafi þrælur jafn göfug ból byggð“ (áður fyrr er hér tveimur árum fyrr, þar sem afnám þrælahalds var árið 1888). Í yfirlýsingu byltingarráðsins í Pernambuco má greina sama hljóm en með öðrum áherslum: „Föðurlandsvinir, eigur ykkar, jafnvel þær sem standa mest gegn öllum hugmyndum um réttlæti, verða helgar sem fyrr.“<sup>20</sup> Hér er vísað til orðróms um afnám þrælahalds sem varð

<sup>18</sup> Nestor Goulart Reis Filho, *Arquitetura residencial brasileira noséculo XIX*, bls. 14–15 [handrit].

<sup>19</sup> Sama rit, bls. 8.

<sup>20</sup> E. Viotti da Costa, „Introdução ao estudo da emancipação política“, bls. 104.

að kveða niður til að róa þrælahaaldara. Einnig er ævisaga Machados de Assis dæmi, en í henni birtist, hver á fætur öðrum: róttæki blaðamaðurinn, áhugamaðurinn um „snilli öreiganna, lægstu stéttanna“, höfundur skemmtisagna og tækifæriskvæða sem samin eru í tilefni brúðkaups prinsessa keisaradæmisins, og að lokum Riddari af Reglu Rósarinnar.<sup>21</sup> Gegn öllu þessu skeiðar Sílvio Romero fram á ritvöllinn:

Það er nauðsynlegt að skapa þjóð sem er meðvituð um kosti sína og galla, um styrk sinn og veikleika, en setja ekki saman einhvers konar skopstælingu, júdasarbrúðu sem hengd er upp á hátíðum alþýðunnar og lætur okkur líta illa út í augum útlendinga. [...] Það er aðeins ein leið til að ná þessu markmiði. – Við verðum að stinga okkur á kaf í endurlífandi hugmyndastraum natúralismans og einhyggjunnar sem er að umbylta gamla heiminum.<sup>22</sup>

Séð úr fjarlægð er það svo augljóst að verið er að skipta út einni efirlíkingu fyrir aðra að það er fyndið. En þetta er einnig harmsaga, enda bendir hún á hvernig nauðsynlegt var að tjá þrá okkar eftir falsleysi á framandi tungumáli. Natúralísk stæling tók við af hinn rómantísku. Að lokum, í tímaritunum, í háttum, í hóbýlum fólks, í þjóðartáknum, í yfirlýsingum byltingarmanna, í hugmyndum og raunar hvar sem er, er alltaf sama trúðslega samsetningin, svo gripið sé til orða Mários de Andrade: misræmið milli framsetningar og, ef við þælum í því, því sem við vitum að er samhengi hennar – sambland stórra landareigna og þrælahaalds, sem var mótað af mikilvægu hlutverki sínu innan alþjóðlegra markaða og síðar í pólitísku samhengi innanlands, hafði ómæld áhrif á nýlenduna, konungsdæmin, ríkisstjórnirnar, afnám þrælahaalds, fyrsta lýðveldið, og er enn í dag uppspretta deilna og ófriðar. Þótt taktur okkar hugmyndafræðilega lífs hafi verið annar markaðist hann einnig af ósjálfstæði (p. *dependência*) landsins: hann rak lestina í fótspor Evrópu. Höfum í huga að það er hugmyndafræði sjálfstæðisins sem gerir þessa samsetningu að vandamáli; gerir hana barnalega þegar hún krefst menningarlegs hreinleika og glöggskyggna þegar hún veltir fyrir sér vandamálinu. Bæði seigla grunnafstæðna samfélagsins sem og hugmyndafræðilegur fallvaltleiki „elítunnar“ voru hluti af því heimskerfi sem kapítalisminn er og okkur var skapað að lifa við. Af þessu leiddi að plantekrurnar sáu koma

<sup>21</sup> Jean-Michel Massa, *A juventude de Machado de Assis*, Rio de Janeiro: Civilização Brasileira, 1971, bls. 265, 435, 568.

<sup>22</sup> S. Romero, *Ensaio de crítica parlamentar*, Rio de Janeiro: Moreira, Maximino & Cia., 1883, bls. 15.

og fara, án þess að breytast mikið sjálfar, menningarstrauma á borð við barrokk, nýklassík, rómantik, natúralisma, móðernisma og svo framvegis. Stefnur sem í Evrópu fylgdu og stöfuðu af gífurlegum breytingum á þjóðfélagsgerðinni. Það mætti ætla að hér myndu þessar stefnur verða markleysur einar og það var raunin að hluta. Engu að síður sjáum við að þetta bøl misræmis, sem við erum dæmd til af vél nýlendustefnunnar, dæmdi – og þetta leggjum við áherslu á til að áréttta alþjóðlegt samhengi hlutanna – einnig vélna sjálfa um leið og hún bjó okkur til. Þegar öllu er á botninn hvolft þá er hér um að ræða opinbert leyndarmál sem lítið hefur verið rannsakað. Í listum, í þessu tilviki, virðist lausnin einföld, það má nefnilega alltaf finna leiðir til að dást að, herma eftir, stela, stæla og innlima alla þessa strauma og stefnur, á þann hátt að það falli, með öllum sínum göllum, að óburðugu menningarlífi okkar. En hér skulum við staldra örlítið við. Í stuttu máli sagt var ekki hægt að taka upp frjálslyndar hugmyndir á sama tíma og óhjákvæmilegt var að taka tillit til þeirra. Þær urðu hluti af sérstöku praktísku kerfi sem mótaði þær og breytti. Þess vegna er hjálplegt að leggja áherslu á augljóst fals þess. Aftur á móti er áhugaverðara að fylgja eftir hreyfingu þess kerfis sem tvöfeldnin er óaðgreinanlegur hluti af. Við sjáum hvernig Brasília, höfuðvígi þrælahaids, skammaðist sín frammi fyrir þessum hugmyndum – framsæknustu hugmyndum þess tíma, eða því sem næst, vegna þess að sósíalismi var þá þegar kominn til sögunnar – og grómdust þær vegna þessa að landið hafði engin not fyrir hugmyndirnar. En þær voru líka innleiddar með stolti sem skraut, sem sönnun þess að Brasília væri frambærilegt nútímaríki. Og þær voru, auðvitað, byltingarkenndar þegar þær snerust um afnám þrælahaids. Ávallt markaðar af því samhengi sem hugmyndirnar voru settar fram í, án þess þó að þær glötuðu upprunalegum ásetningi, gengu þær eftir nýjum sporbaug með sínum eigin göllum, mótsögnum og talsýnum. Að þekkja Brasilíu er að skilja þessa skekkju sem allir upplifðu og hrærðust í eins og um örlög þeirra væri að ræða, án þess að nokkur gæti nefnt hana á nafn, enda var röng notkun heita einmitt kjarni hennar. Flestir upplifðu þetta sem löst, vel þekktan en lítt ígrundaðan, kerfi rangfærslna sem gerði allt hugmyndafræðilegt líf lítilsvert og líkurnar á raunverulegri ígrundun hlutanna litlar. Hins vegar bjó þetta kerfi til tortryggni í garð hugmyndanna, stundum algjöra og fyrirhafnarlausa, sem féll einmitt vel að miklu magni af þvaðri. Í örlítið ýktu formi gefur þetta sýn Machados de Assis ótrúlegan styrk. Nú liggur grundvöllur þessarar tortryggni auðvitað ekki í yfirvegaðri ígrundun á takmörkunum frjálslyndrar hugsunar. Grundvöllurinn liggur, ef svo má að orði komast, í sjálfgefnum byrjunarreit sem tekur af okkur ómakið. Skrifaðar inn í kerfi sem þær ná alls ekki að lýsa, ekki einu sinni á yfir-

borðinu, verða hugmyndir borgarastéttarinnar allt frá upphafi að takast á við það að raunverulegt daglegt líf gróf undan öllu tilkalli þeirra til að skýra eðli mannkynsins í heild. Ef þær voru á annað borð teknar gildar, þá var það á forsendum sem þær sjálfar gátu ekki tekið gildar. Í stað þess að mynda nýjan sjóndeildarhring hugmynda birtust þær á breiðari grundvelli sem gerði þær afstæðar: á grundvelli sveiflna geðþótta og greiða fram og til baka. Það hrikti í stóðum tilkalls þeirra til algildis. Þannig að það sem í Evrópu var raunverulegt gagnrýnið áttak gat hjá okkur verið hvers konar almenn tortryggni sem gerði nytjahyggu, egóisma, formalisma, og annað slíkt að hverri annari úskufflík, hámodins en ef til vill svolítið óþægilega. Það kemur í ljós að þessi angi samfélagsins hefur veruleg áhrif á menningarsöguna: flókin tengsl þátta, sem sífellt er verið að flétta saman á nýjan hátt, þar sem ríkjandi hugmyndafræði Vesturlanda leikur fáránlegt hlutverk sem enn ein dellan í hópi fjölda annarra. En þetta er líka önnur leið til að benda á alþjóðleg tengsl sem okkar mjög svo þjóðlega sérvíska hafði. Ef til vill er hægt að bera þetta saman við það sem átti sér stað í rússneskum bókmenntum. Frammi fyrir þeim verða jafnvel mestu raunseisskáldsögur Frakka dálítið barnalegar. Hvers vegna? Einmitt vegna þess að þrátt fyrir öll áform um að vera algild verður sálfræði röklegur einstaklingshyggju, rétt eins og siðapredikun, að „útlendri“ hugmyndafræði í rússneska keisaradæminu og þar af leiðandi staðbundin og afstæð. Vegna sögulegrar stöðunar Rússlands neyddist hin borgaralega skáldsaga til að horfast í augu við flóknari mynd af veruleikanum. Skopmyndirnar sem dregnar voru upp af Evrópusinnanum, þeim sem dáðist að öllu frönsku eða þýsku, oft og tíðum nefndur einhverju fáránlegu allegórísku nafni, fylgismönnum framfara, frjálslyndis, skynsemishyggu, voru allar leiðir til að setja á svið þá nútímavæðingu sem fylgdi auðmagninu. Þessir upplýstu menn reyndust allir vera brjálæðingar, þjófar, tækifærissinnar, þrjótar, uppskafningar og svo framvegis. Þetta kerfi tvískinnungs sem fylgdi staðbundinni notkun á borgaralegum hugmyndum – lykilatriði í rússnesku skáldsögunni – er hugsanlega sambærileg við það sem við höfum lýst í Brasilíu. Félagslegar ástæður þessara líkinda eru augljósar. Í Rússlandi eins og í Brasilíu villtist nútímavæðingin af leið vegna víðfeðmis landsins og félagslegrar þrækeln þess, komst í kast við bændaánaudina eða leifar hennar, átök sem margir upplifðu sem þjóðarskömm og vöktu með þeim minnimáttarkennd, án þess að koma í veg fyrir að veita öðrum viðmið til að dæma framfara- og einstaklingshyggjuna, sem vesturveldin þröngvuðu og þröngva upp á heiminn, sem markleysu eina. Mögnun þessara átaka, þar sem framfarir voru svívirða og stöðnunin skömm, er ein af dýpstu rótum rússneskra bókmennta. Án þess að leggja of mikla áherslu á samanburð

milli ólíkra hluta, má finna hjá Machado – vegna ástæðna sem ég hef þegar bent á – svipaða þræði, eitthvað sameiginlegt með Gogol, Dostojevskij, Gontsjarov, Tsjekhov og öðrum sem ég kann ekki að nefna.<sup>23</sup> Í stuttu máli sagt þá myndar niðurlæging hugsunarinnar meðal okkar, sem við þekkjum af biturri reynslu og allt til dagsins í dag kæfir allar rannsóknir á 19. öldinni í Brasilíu, hvörf, miðpunkt þess taugakerfis sem heimssagan fer um og birtist í.<sup>24</sup>

Alla þá tíð sem Brasília hefur endurframleitt félagstengsl sín hefur hún stanslaust verið að innleiða og endurinnleiða evrópskar hugmyndir og alltaf á rangan hátt. Það er þess vegna sem þær verða að efnivið og vanda bókmenntanna. Rithöfundurinn þurfti ekki að verða þess var og það er ekki nauðsynlegt til þess að hann geti notfært sér þær. En hann mun aðeins ná fram djúpum sönnnum hljómi ef hann nær að finna fyrir, skrá og þróa – eða forðast – þetta ósamræmi og þennan falska tón. Á meðan það eru óteljandi leiðir til að gera þetta vel þá má vel telja upp og skilgreina aðferðirnar við að gera þetta illa. Þeirra á meðal eru einfeltningsháttur, orðskrúð, þröngsýni, undirgefni, dólgsháttur og svo framvegis, sérstök og staðbundin virkni yfirgripsmikillar firringar – skortur á félagslegu gagnsæi, afleiðing af nýlendukerfinu og því ósjálfstæði sem því fylgdi. Að þessu sögðu hefur lesandinn lítið lært um sögu Brasilíu eða bókmennta okkar, og við höfum enn ekki staðsett Machado de Assis. Hvaða not gæti lesandinn þá haft af þessum blaðsíðum? Í stað þess að veita „yfirflitsmynd“ um söguna og tengdar hugmyndir um áhrif umhverfisins, sem gefur alltaf hugmynd um rétta skýringu, en um leið mjög óljósa og framandi, hef ég leitað annarrar lausnar: að tilgreina gangverk samfélagsins á þann hátt sem það verður hluti af, og er virkt í, menn-

<sup>23</sup> Ítarlega greinagerð á hugmyndafræðilegum vanda okkar, örlítið ólíka þeirri sem er sett fram hér, má sjá í Paula Beiguelman, *Teoria, e ação no pensamento abolicionista* (1. bindi: *Formação política do Brasil*, São Paulo: Pioneira, 1967), þar sem má finna fjölda tilvitnana sem gætu verið úr rússneskum skáldsögum. Sjá til dæmis eftirfarandi tilvitnun í Pereira Barreto: „Til annarrar handar eru andstæðingar þrælshalds sem styðjast við orðræðu tilfinningaseminnar vopnaðir byltingarsinnaðri frumspéki, hlaupandi á eftir óhlutbundnum fígúrum til þess að breyta þeim í samfélaglegar formúlur, og á hina höndina eru þeir sem yrkja jörðina, hljóðir og niðurlútir, eins og þeir sem þekkja sök sína eða íhuga ómögulega hefnd.“ P. Barreto var talsmaður vísindalegs landbúnaðar – kaffiræktar-framfararmaður – og í því samhengi finnst honum að afnám þrælshalds verði að vera afleiðing af þróun landbúnaðar. Þar að auki er hann á þeirri skoðun að svartir séu óaðri kynþáttur og að það sé svírða að þurfa að reida sig á þá.

<sup>24</sup> Antonio Cândido hefur sett fram nokkrar hugmyndir í þessa átt. Hann leitast við að greina þráð þrjótisins (p. *malandro*) í bókmenntum okkar. Sjá „Dialética da malandragem“, *Revista do Instituto de Estudos Brasileiros*, 8/1970. Endurbirt í *O discurso e a cidade*, São Paulo: Duas Cidades, 1993. Sjá einnig umfjöllun hans um mannát (p. *antropofagia*) í „Digressão sentimental sobre Oswald de Andrade“, *Vários escritos*, São Paulo: Duas Cidades, 1970, bls. 84.

ingunni; sem óumflýjanlegan vanda – eins og þann sem Brasília lagði á herðar menntamanna sinna í ferlinu sjálfu, sem felst í endurframleiðslu þess félagslega. Með öðrum orðum þá er hér um að ræða nokkurs konar rannsókn á sögulegum grundvelli vitmunalegrar reynslu. Í þessu sjónarmiði hef ég reynt að sjá í kerfi hugmyndanna ferli sem gerir okkur einstök. Við förum af stað með þá almennu skoðun, eða næstum tilfinningu, að í Brasilíu væru hugmyndastraumar á skjön við notkun þeirra í Evrópu. Og við höfum sett fram sögulega skýringu á þessum vegvillum, sem fólu í sér tengsl framleiðendanna í landinu auk þeirra afæta sem á þeim lifðu, á efnahagslegu ósjálfstæði okkar og förunauti hennar, menningarlegum yfirráðum Evrópu, umbyltri með krafti auðmagnsins. Í stuttu máli sagt þá höfum við, í því markmiði að skýra þjóðarsérkenni sem við upplifum daglega, orðið að kanna gang nýlendustefunnar í því alþjóðlega samhengi sem hún er hluti af. Sleitulaus gagn- og víxlverkun milli frjálslyndis og greiða er staðbundin og ógagnsæ afleiðing hnattræns kerfis. Allt frá því að hefðbundin söguleg form glótuðu vægi sínu hefur dagleg hringrás hugmynda og viðhorfa verið náttúrulegt viðfang listanna. Þess vegna hefur það einnig verið útgangspunktur skáldsögunnar, einkum raunsæisskáldsögunnar. Þannig að það sem við höfum lýst er hvernig saga heimsins, samansett og dulkóðuð í staðbundnum, siendurteknum niðurstöðum, finnur sér stað í bókmenntum, sem hún síðan mótar innan frá – burtséð frá því hvort höfundur viti það eða ekki, vilji það eða ekki. Með öðrum orðum höfum við skilgreint afmarkaðan en gríðarstóran og fjölbreyttan vettvang sem er söguleg afleiðing og mögulegur listrænn upphafspunktur. Í athugun okkar höfum við séð að hann er ólíkur þeim evrópska þó að hann notist við sama orðaforða. Þess vegna er sjálfur mismunurinn, samlíkingin og fjarlægðin hluti af skilgreiningu hans. Hér er um að ræða innri mismun – misræmið sem við höfum mikið talað um – þar sem rökvisin birtist okkur stundum sem kunn, stundum ókunn, í óskýru ljósi, með óvissum afleiðingum. Niðurstaðan er álíka sérstæð samsetning og þær sveiflur fram og til baka sem við höfum rakið og reynt að útskýra. Það er auðvitað eðlilegt að þetta hráefni skapi bókmenntum, sem eru þeim háðar, fádæma vanda. Án þess að fara of gróft í sakirnar skulum við einungis segja að andstætt því sem almennt er talið eru efnistökin listamanna allt annað en formlaus: þau eru sögulega skilyrt og skrá á einn eða annan hátt hið félagslega ferli sem gefur þeim líf sitt.

Í mótun sinni á bókmenntunum setur höfundurinn saman hin ólíkustu form og dýpt, kraftur og fjölbreytni afurðarinnar veltur á sambandinu við þann fyrirfram mótaða efnivið sem geymir margreytileika sögunnar sjálfrar. Þetta ferli er fjarri því að vera sjálfvirkt og við sjáum í smáatriðum hversu mikið átak það er fyrir skáldsöguna að ganga í gegnum það. Og við sjáum, til að árétta sama

hlutinn einu sinni enn, að þótt rithöfundar okkar hafi verið að fjalla um hversdagslega hluti lífsins, sitjandi við skrifborð sitt hvar á landi sem er, þá hefur umfjöllunarefni þeirra, sem þeir svo meðhöndla hver á sinn hátt, ávallt verið heimsögulegar spurningar; og þeir hefðu ekki getað það, hefðu þeir reynt að fjalla um það beint og án milliliða.

*Magnús Þór Snæbjörnsson þýddi*